

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	<b>ÍSL 303</b>	
Samþykkt:SHJ	<b>Vorönn 2015</b>	
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Ásbjörg Benediktsdóttir, Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir	<b>Sk.st.</b>	ÁBE, BEB, KRÁ
----------------	--	---------------	---------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskar bókmenntir og sögu þeirra frá landnámsöld til síðaskipta. Nemendur fræðast um tungutak formmálsins, auk þess sem þeir kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Fjallað er um flokka sagna frá þessu tímabili og sérkenni hvers þeirra, m.a. út frá stílfræðilegum einkenum. Í áfanganum er lesin ein Íslendingasaga, valin eddukvæði og dróttkvæði auk Völuspár og Gestapáttar Hávamála. Einnig eru lesin nokkur valin helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og valdir kaflar úr konungasögum og Sturlungi.

### Markmið:

Að nemandi

- rifji upp heimsmynd goðafræðinnar sem lýst er í *Gylfaginningu*
- þekki forna bragarhætti
- átti sig á skiptingu eddukvæða í goða- og hetjukvæði, og skilji hugmyndafræði þeirra og boðskap
- þekki skáldamál dróttkvæða og eddukvæða, heiti og kenningar
- kynnist helgikvæðum og veraldlegum skáldskap frá síðmiðöldum
- kunni skil á upphafi ritmennta á Íslandi og þekki helstu flokka sagna frá upphafi ritunar
- lesi valin sýnishorn úr konungasögum og Sturlungi
- lesi a.m.k. einn valinn Íslendingabátt
- lesi a.m.k. eina viðamikla Íslendingasögu og geti staðið skil á efni hennar

### Námsgögn:

- *Bókmenntir í nýju landi* e. Ármann Jakobsson, gefin út 2012.
- *Ormurinn langi* e. Braga Halldórsson, Knút Hafsteinsson og Ólaf Oddsson, frá 2005 og síðar.
- *Egils saga* í útgáfu Máls og menningar frá 1992 og síðar. Athugið að *Egils saga* er einnig til í ýmsum öðrum útgáfum.

### Áætlun um yfirferð:

#### 1. Iota 6. janúar - 6. febrúar (5 vikur)

Kynning á áfanganum og námsefninu. Farið í nokkur eddukvæði, þ.á.m. Völuspá og Hávamál og rifjaðir upp helstu frásagnarþættir *Gylfaginningar* í tengslum við þau (*Ormurinn langi* bls. 7-70, *Bókmenntir í n.l.* bls. 8-33). Unnin ýmis verkefni úr kvæðunum en **lotunni líkur með 20% prófi**.

#### 2. Iota 9. - 27. febrúar (3 vikur)

**Dróttkvæði, helgikvæði og veraldlegur kveðskapur frá síðmiðöldum:** Áhersla er lögð á bragfræðileg einkenni og sérhæft skáldamál dróttkvæða (*Bókmenntir í n.l.* bls. 36-48, *Ormurinn langi* bls. 91,109, 111). Farið yfir valdar dróttkvæðar vísur. Einnig er

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 08
Dags.: 30.08.2011
Höfundur: HRS
Samþykkt:SHJ
Síða 2 af 2

## Verkmenntaskólinn á Akureyri

ÍSL 303  
Vorönn 2015



fjallað um helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðoldum og lesin valin dæmi (*Ormurinn langi* bls. 141-156, 171-176, *Bókmenntir í n.l.* bls. 65, 113, 123-129).  
**Lotunni lýkur með 10% prófi.**

### 3. Iota 2. – 13. mars (2 vikur)

**Upphaf ritunar og sagnabókmennta:** Kynning á því fyrsta sem ritað var á íslensku og helstu flokkum sagnabókmennta. Megináherslan verður lögð á helstu sérkenni Íslendingasagna hvað varðar stíl, byggingu og persónusköpun, en einnig verður fjallað um aðra flokka sagna, Íslendingaþætti, konungasögur og samtímasögur og lesin valin dæmi úr þeim flokkum (*Ormurinn langi* bls. 113-123, 133-137, *Bókmenntir í n.l.* bls. 34-34, 49-112, 114-122).

**Lotunni lýkur með 20% prófi.**

### 4. Iota 16. mars - 30. apríl (6.5 vikur) (Ath. að páskafrí kemur inn í þessa lotu)

**Egils saga:** Kynning og inngangur. Lesinn inngangur sögunnar (bls. vii-xxxv) og farið yfir hana í áföngum með ýmsu móti, s.s. með verkefnum af ólíku tagi, hópvinnu og einstaklingsvinnu. **Inni í lotunni verður 5% Moodle-próf.**

#### Námsmat og vægi námsþáttta:

Próf úr kvæðum og bókmenntasögu 1. lotu	20%
Próf úr kvæðum og bókmenntasögu 2. lotu	10%
Próf úr sagnaritun	20%
Moodle-próf úr <i>Egils sögu</i>	5%
Lokapróf í annarlok	45%

Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4.0 til að verkefni og próf yfir önnina gildi til lokaeinkunnar í áfanganum.

Nemandi sem er veikur á prófdegi eða við önnur verkefnaskil annarinnar skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann rétt til upptökuprófs. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

**Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.**

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðengils